

Fundargerð stjórnar byggðasamlags UTU – 98. fundur  
haldinn í fjarfundi 22. febrúar 2023 og hófst hann kl. 11:00

Fundinn sátu:

Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson, Walter Fannar Kristjánsson, Björn Kristinn Pálmarsson, Helgi Kjartansson og Jón Bjarnason.

Fundargerð ritaði: Haraldur Þór Jónsson

**1. Geirlaus frá Hagvangi kynnr mat á umsækjendum um starf skrifstofustjóra UTU**

Geirlaus Jóhannsdóttir frá Hagvangi leiddi ráðningarferli um starf skrifstofustjóra fyrir UTU. Fyrir fundinn var lögð greinargerð frá Hagvangi sem útskýrði ráðningarferlið. Geirlaus kom inná fundinn og kynnti greinargerðina fyrir stjórn UTU. Alls bárust 15 umsóknir um starfið. Ferlið samanstóð af hæfnismati á umsækjendum byggðu á innsendum umsóknargögnum, stöðluðum hegðunartengdum viðtölum, kynningu í framhaldsviðtali og umsögnum. Til grundvallar matinu lágu skilgreind hæfniviðmið.

**2. Ráðning skrifstofustjóra UTU**

Umsjón með ráðningarferlinu fyrir hönd stjórnar UTU var í höndum Haraldar Þórs Jónssonar, Björns Kristins Pálmarssonar og Helga Kjartanssonar. Að undangengnu mati á öllum matspáttum sem fram komu í auglýsingu var það samdóma álit ráðningarteymisins að tveir umsækjendur stóðu eftir. Er það mat stjórnar að bjóða Nönnu Jónsdóttir starf skrifstofustjóra þar sem hún stóð hæðst eftir matsferlið og er formanni stjórnar falið að ganga til samninga við hana.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:30